# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna breyttrar landnotkunar í Laugarási.**

Skipulagsstofnun staðfesti 4. júlí 2023 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. maí 2023.

Í breytingunni felst að fyrirkomulag íbúðarbyggðar Laugaráss er uppfært, landnotkunarflokkar almennt endurskoðaðir, byggðin er þétt og samgöngur bættar. Þéttbýlismörkum er breytt að norðaustanverðu til að ná yfir varúðarsvæði VA4 og einnig mörkum frístundabyggðar F51, vestan við Laugarás. Alls stækkar þéttbýlið úr 169 ha í 172 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 4. júlí 2023.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 18. júlí 2023